

Apríl 2012

Komið sæl

Nú er apríl gengin í garð með smá kuldakasti eins og venja er, svokallað páskahret. Við látum það nú ekkert á okkur fá og höldum okkar daglegu venjum og siðum hér í Krílakoti. Að undanfögnu hafa börnin verið að útbúa páskaföndur með aðstoð kennara og má sjá páskaunga hingað og þangað af öllum stærðum og gerðum. Annars er hefðbundið starf hjá okkur samkvæmt áætlun, tónlistin, læsið og leikurinn í fullum gangi. Flensan hefur aðeins látið á sér kræla en vonandi er það að verða gengið yfir og að allir mæti hressir etir páskafrið og eggjaátið.

Breytingar eru í starfsmannahópnum.

Hún Sigrún I. Guðmundsdóttir er nú komin aftur til starfa og verður hún á Skakkalandi. Guðný er farin yfir á Skýjaborg en mun hætta störfum 20. apríl. Herdís mun starfa eitthvað á Skýjaborg líka og svo kemur hún Inga Siddý vonandi bráðlega til okkar en hún í veikindaleyfi.



Bestu kveðjur og gleðilega páska

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldrafundur

Priðjudaginn 10. apríl verður fundur í Krílakoti klukkan 17:00. Málafni: Leikskólalóðin og farið yfir veturinn.

Starfsfólk Krílakots á ferð og flugi

Breyting á skóladagatali.

Opið allan daginn þann 10. apríl

Lokað allan daginn þann 16. maí 2012.

Grænfáninn

Fulltrúar frá Landvernd heimsóttu okkur í mars og tóku út starfið í Krílakoti. Við fengum mjög svo góða dóma og má vænta niðurstaðna á næstu dögum.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir
Ívar Örn Vignisson
Kornelia Anna Klimek
Mariusz Robert Klimek
Óliver Hilmarsson
Hólmfríður Guðrún Skúladóttir
Tryggvi Kristjánsson

Dótadagur

Á dótadegi má ekki kama með vopn. Miða skal við einn hlut.

Verndum umhverfið

Vinsamlegast drepjið á bílunum við leikskólann.



Foreldrasamtöl

Nú hafa allir lokið foreldrasamtölum og vonandi hafa þau verið gagnleg. Við viljum minna á að foreldrar geta alltaf þanta samtal við kennara ef þeim liggur eitthvað á hjarta varðandi nám og þroska barna sinna og veru þeirra hér í Krílakoti.

Málsháttur

Ungur nemur
gamall temur



Foreldraráð 2011-2012
Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Guðrún Anna Óskarsdóttir
Dagur Óskarsson
Nimnual Khakhlong

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyrta



Frelsi



Gleði



Öryggi



Leikskólalæsi

Mikilvægt er að börn hafi aðgang að bókum og að lesið sé fyrir þau á hverjum degi.

Foreldraráðsfundur

Okkur sárvantar fulltúa í ráðið. Ef einhvert ykkar hefur áhuga á að starfa með foreldraráðinu og hafa þannig áhrif á starf skólans, endilega hafið samband.

Foreldraráðsfundur er þann 18. apríl klukkan 17:00

